

Fundargerð skólaráðs Holtaskóla

Fundur haldinn í Holtaskóla 12. október 2021



Mættir: Bryndís Gísladóttir - kennari, Hrafnhildur Hilmarsdóttir - fulltrúi grenndarsamfélagsins, Rúnar Hannah - fulltrúi foreldra, Selma Björk Hauksdóttir - fulltrúi foreldra, Karólína Óskarsdóttir – fulltrúi starfsmanna, Unnar Stefán Sigurðsson - aðstoðarskólastjóri, Ásdís Alda Birkisdóttir – 10. bekk, Eva Kristín Karlsdóttir - 9. bekkur, Sigrún Huld Auðunsdóttir – deildarstjóri. **Forfallaðir eru:** Björn Víkingur Skúlason – kennari, Jökull Eyfjörð Ingvarsson – 10. bekk, Helga Hildur Snorradóttir – skólastjóri.

Á dagskrá:

Kynning á meðlimum ráðsins

Farið yfir starfsáætlun Holtaskóla 2021-2022

Farið yfir fjölbreytta kennsluhætti

- ✓ -smiðjur sem er nýtt í vetur á yngsta- og miðstigi
- ✓ -hugur og heilsa – áherslan er á slökun í vetur, er líka í frístund. Unglingastigið var ekki að nýta sér þetta vel og því fellt niður þar. Þarf að skoða betur hvernig hægt er að virkja unglíngana.
- ✓ -sambætting námsgreina á unglíngastigi.
- ✓ -útsvæði sem Holtaskóli er að byggja upp.

Nýjar skólareglur hafa verið bornar undir kennarafundinn

Framkvæmdir

- Skipt var um þak að hluta til
- Skipt var um nokkra glugga
- Stofu sem áður hýsti gler og mósíak var breytt í kennslustofu.
- Vantar rými í skólann vegna fjölgunar. Verið að skoða hvaða lausnir eru í boði.

Önnur mál:

- Samræmd könnunarpróf – verða ekki haldin í ár, verið að bíða eftir hvað verður í staðinn.
- Vespur – sýnilegri núna þar sem búið er að breyta hvar má leggja þeim. Nemendur mega ekki keyra inn á leiksvæðið á þeim.
- Lagt til að settar séu upp myndir í starfsmannarými. Nýta endilega myndir frá nemendum, setja í ramma til að hengja upp. Er verið að gera það nú þegar í matsalnum og á göngum skólans. Má bæta við að merkja þær myndir með nafni og dagsetningu.
- Tillaga frá nemendum að það sé öðru hverju pizza í matinn.

Fundarritari: Sigrún Huld Auðunsdóttir

Fundi slitið kl. 10:36